

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 26/2006**

**frá 10. mars 2006**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 144/2005 frá 2. desember 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/618/EB frá 18. ágúst 2005 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB í þeim tilgangi að ákveða hámarksgildi fyrir styrk tiltekinnna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í lið 12q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32005 D 0618:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/618/EB frá 18. ágúst 2005 (Stjtið. ESB L 214, 19.8.2005, bls. 65).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2005/618/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. mars 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 53, 23.2.2006, bls. 40, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 10, 23.2.2006, bls. 15.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 214, 19.8.2005, bls. 65.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. mars 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***R. Wright***

formaður.